

210

31. des.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grindavíkur-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

211

31. des.

R E G L U G E R Ð

um holræsi í Hafnarkauptúni, Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Pegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi innan hæfilegs tíma, sem hreppsnefnd ákveður, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupþúnsins varða, svo sem viðhald, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd velur þar til, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og ber öllum skylda til að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er í því sambandi skiptir máli.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, tengigjald kr. 150.00 og árlega kr. 25.00 af hverju húsi auk gjalds, sem miðast við fasteignamat húsa, sem hér segir:

Af fyrstu kr. 5 000.00 greiðast 5%.

Af næstu kr. 5 000.00 greiðast 3%.

Af því, sem þar er fram yfir greiðast 1,5%.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. 1. gr. og holræsagjaldið má taka lögtaki, og er það tryggt með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjaldþagi holræsagjaldsins er 15. október ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

211

31. des.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um vatnsveitu í Höfn í Hornafirði.

212

31. des.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og einnig til hafnarinnar í Hornafirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast viðhald vatnsveitunnar, umsjón og endurbætur. Heimilt skal hreppsnefnd að ráða sérstakan vatnsveitustjóra, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Getur vatnsveitunefnd löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við veituna, og er þeim skylt að hlýða í öllu fyrirmælum vatnsveitunefndar.

4. gr.

Reikningshald og innheimtu vatnsveitunnar hefur hreppsnefnd á hendi, gegn hæfilegu gjaldi. Reikningsárið er almanaksár og skulu reikningar veitunnar endurskoðaðir af endurskoðanda hreppsreikninga og lagðir fram ásamt hreppsreikningi ár hvert.

5. gr.

Hreppsnefndin lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigandi eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningsvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við, og verður enginn krafinn um vatnsskatt, fyrr en svo er.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta, án tafar, gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.